

MINNISBLAÐ

Dags: 22. október 2025
Málsnúmer: 2025101330
EÖE/RV

Til: Brunavarna Árnassýslu

Frá: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS)

Efni: Ábyrgð slökkviliðsstjóra Brunavarna Árnassýslu við öryggis- og lokaúttektir

Vísað er til tölvupósts dags. 30. september 2025 frá Brunavörnum Árnassýslu (BÁ) þar sem óskað er eftir túlkun Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (hér eftir HMS) á hver skylda slökkviliðsstjóra er í öryggis- og lokaúttektum og hvort heimild sé fyrir því að sveitarfélag í byggðasamlagi geti framselt þann hluta eldvarnareftirlits til annars aðila. Minnisblaðið er unnið með það að markmiði að túlka hvort sveitarfélagi í byggðasamlagi sé heimilt að útdeila eldvarnareftirliti til annars aðila en Brunavarna Árnassýslu.

Gildissvið laga um brunavarnir nr. 75/2000

Í 12. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 er kveðið á um eldvarnareftirlit sveitarfélaga en þar er m.a. kveðið á um eftirfarandi:

Eldvarnareftirlit sveitarfélaga er sú starfsemi slökkviliðs sem hefur eftirlit með því að framfylgt sé ákvæðum laga og reglna um brunavarnir. Hlutverk eldvarnareftirlits sveitarfélaga er að framkvæma í samvinnu við byggingafulltrúa öryggisúttekt og eftir atvikum lokaúttekt, sbr. lög um mannvirki, gefa umsagnir um brunavarnir við meðferð byggingaleyfisumsókna óski byggingafulltrúi þess og hafa þannig eftirlit með því að nýbyggingar og lóðir fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð.

Framangreint ákvæði er skýrt frekar í athugasemdum við 12. gr. frumvarpsins, en þar segir í a-lið, „að hlutverk eldvarnareftirlits sé að hafa í samvinnu við byggingafulltrúa eftirlit með því að nýbyggingar fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð. Því er mikilvægt að við lokaúttekt bygginga sé slökkviliðsstjóri eða fulltrúi hans ávallt viðstaddur.“

Reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit nr. 723/2017

Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir er heimild til að fela skoðunarstofum eftirlit skv. 1. mgr. ákvæðisins. Þrátt fyrir að sú heimild sé til staðar í lögnum er taka stjórnvaldsákvæðana og beiting réttar- og þvingunarúrræða ávallt í höndum slökkviliðsstjóra, sbr. 2. mgr. 23. reglugerðar um eldvarnir og eldvarnareftirlit. Í 1. mgr. 23. gr. reglugerðarinnar kemur fram að slökkviliðsstjóri getur, að fengnu samþykki sveitarstjórnar, falið óháðri skoðunarstofu eldvarnareftirlit í heild eða að hluta. Í þessu tilviki á ákvæðið ekki við þar sem slökkviliðsstjóri er ekki að fela óháðri skoðunarstofu framkvæmdina heldur er fyrirspurnin á þá leið hvort að eitt sveitarfélag í byggðasamlagi geti falið öðrum aðila hluta eldvarnareftirlits, án samþykkis slökkviliðsstjóra.

Samþykktir Brunavarna Árnassýslu

Brunavarnir Árnassýslu er byggðasamlag sveitarfélaga í Árnassýslu, sbr. 94. gr. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011 og var samþykkt þess efnis samþykkt á aðalfundi BÅ 15. október 2024 og auglýsing þess efnis birt í B-deild Stjórnartíðinda 22. janúar 2025.. Byggðasamlagið er stofnað með það að markmiði að styrkja og efla brunavarnir í aðildarsveitarfélögum samlagsins. Sveitarfélögin sem standa að samþykktinni eru Bláskógabyggð, Flóahreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg og Sveitarfélagið Ölfus.



Í samþykktinni er fjallað um verkefni byggðasamlagsins og starfar það í umboði aðildarsveitarfélaganna að þeim verkefnum sem þar eru tilgreind. Í upptalningunni er m.a. eldvarnareftirlit sem og önnur verkefni er snúa að brunavörnum, en þar segir „...starfsemi eldvarnareftirlits skal taka til allra þeirra verkefna sem því er eða kann að vera falið með lögum. Byggðasamlagið skal þannig leitast við að hafa samstarf við sérfróða aðila á sviði brunamála, eftir því sem þörf krefur hverju sinni, og hafa í umboði aðildarsveitarfélaganna umsjón með aðgerðum í brunamálum í samvinnu við einstaklinga, fyrirtæki, félög og samtök í hverju sveitarfélagi.“

Sveitarfélögin sem aðild eiga að byggðasamlaginu hafa falið Brunavörnum Árnessýslu ábyrgð á verkefnum slökkviliðs á grundvelli samþykktarinnar. Eins og fram hefur komið ber byggðasamlagið ábyrgð á framkvæmd eldvarnareftirlits, þ.m.t. að veita umsagnir við öryggis- og lokaúttektir. Með vísan til framangreinds bendir HMS á að heimild til töku stjórnvaldsákvörðunar í málum eldvarnareftirlits er á ábyrgð slökkviliðsstjóra. Slíkt framsal er ekki heimilt án þess að hafa stoð í lögum, enda verða valdheimildir einungis framseldar með skýrum lagaheimildum.

Af ofangreindu má sjá að Brunavarnir Árnessýslu bera ábyrgð á eldvarnareftirliti í umboði ofangreindra sveitarfélaga. Öll ofangreind aðildarsveitarfélög sem standa að samþykktunum hafa skuldbundið sig til að starfa eftir þeim samþykktum sem gilda um byggðasamlagið. Eitt aðildarsveitarfélag getur ekki tekið einhliða ákvörðun um að útvista hluta af verkefnum slökkviliðs. Byggðasamlaginu er hins vegar heimilt að semja við einkaaðila, sbr. 100. gr. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. gr. 6.2. samþykktanna.

Niðurstaða

Niðurstaða HMS er sú að það kemur fram með skýrum hætti í samþykktinni að eitt af verkefnum byggðasamlagsins er eldvarnareftirlit, þ.m.t. að veita umsagnir við öryggis- og lokaúttektir. Aðildarsveitarfélögin hafa skuldbundið sig til að starfa eftir þeim samþykktum sem gilda um byggðasamlagið og hefur eitt sveitarfélag ekki heimild til að taka einhliða ákvörðun um að semja við annan aðila um hluta eldvarnareftirlitsins.